

Ágúst Hálfðásson  
Heiðarhvammur  
271 Mosfellsbær

Reykjavík 29. september 2017  
UST201709-179/P.B.S.  
09.05.01

### **Efni: Leyfi vegna rannsókna á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Ágústs Hálfðássonar dags. 25. september sl. þar sem óskað er eftir leyfis til utanvegaraksturs á Torfajökulssvæðinu, innan friðlands að Fjallabaki.

Friðland að fjallabaki var friðlýst árið 1979 sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 354/1979. Tilgangur friðlýsingar er að varðveita sérstök landsvæði þannig að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þeirra á sama hátt og við gerum.

Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þrátt fyrir það er heimilt, ef nauðsyn krefur að aka utan vega vegna starfa við rannsóknir, enda er ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 1. og 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Sérreglur um takmörkun á akstri utan vega í auglýsingu um friðlýsingu svæðis ganga framur undanþágum frá banni við akstri utan vega skv. 1. og 2. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga. Í reglum um friðland að Fjallabaki kemur fram að umferð vélknúinna ökutækja er aðeins leyfð á akvegum og merktum slóðum á friðlandinu, sbr. 1. gr. friðlýsingaskilmála. Til undanþágu frá reglum friðlýsingar þarf leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun er því heimilt að veita leyfi til aksturs utan vega innan friðlandsins.

#### **Lýsing framkvæmdar:**

Um er að ræða mælingar á norður- og suðursporðum Torfajökuls. Sótt er um leyfi til að aka inn í Þrengsli Jökulgils eftir áreyrum til að sækja mælingamenn eftir göngu yfir jökulinn. Ekið er 7,2 km frá laugum, sömu leið og gangna menn fara. Samkvæmt umsækjanda munu öll ummerki hverfa þar sem um er að ræða áreyrar. Verkefnið mun eiga sér stað í viku 40-41 árið 2017, þ.e. á tímabilinu 1. til 15. október n.k. og eru þátttakendur sex talsins.

#### **Áhrifamat:**

Stofnunin metur sem svo að aksturinn, eins og honum hefur verið lýst af umsækjanda, sé ekki til þess fallin að rýra verndargildi friðlandsins.


#### **Skilyrði:**


Stofnunin veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstrinum miðað við ofangreinda verkefnislýsingu með eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal um upphaf ferðar til landvarðar Umhverfisstofnunar.
- Hafa skal þetta leyfi meðferðis þegar unnið er að rannsókninni.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Allur akstur utan vega, annar en sá er leyfið nær til, er bannaður.
- Ökumanni er skylt að gæta sérstakrar varkárni og forðast að valda náttúruspjöllum, sbr. 6. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.
- Einungis er heimilt að aka um ógrónar áreyrar.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í vatn eða jarðveg.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Leyfi þetta gildir frá 1. til 15. október nk.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri

  
Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
Sérfræðingur